

Auglýsing vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Aðalгатötu 10A í samræmi við 6. gr. laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015



Hjá byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Skagafjarðar liggur fyrir byggingarleyfisumsókn í samræmi við 9. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 frá eiganda Aðalgötu 10A á Sauðárkróki, um leyfi til að gera breytingar á húsnaðinu.

Breytingar varða útlit vestur og austur hliðar húss, glugga og gönguhurðir neðri hæðar. Áætlaður verktími er um 6 mánuðir.

Byggingarár hússins er 1958.

Framkvæmdin er innan verndarsvæðis í byggð sem er norðurhluti gamla bæjarins á Sauðárkróki sem staðfest var af ráðherra þann 11. febrúar 2020.

Húsið telst hafa miðlungs varðveislugildi sem byggir á lágu gildi fyrir umhverfi, háu gildi fyrir upprunaleika og miðlungs gildi fyrir tæknilegt ástand samkvæmt greinargerð um Verndarsvæði í byggð frá 2018 og mati Húsakönnunar Sauðárkróks. Norðurhluti gamla bæjar frá 2018.

Með vísan til 6. gr. laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015, skal sveitarstjórn auglýsa hina fyrirhuguðu framkvæmd áður en tekin er ákvörðun um leyfi til framkvæmda. Þannig er almenningi og hagsmunaaðilum veitt tækifæri til að koma sjónarmiðum og athugasemdum á framfæri við sveitarstjórn áður en ákvörðun er tekin um framkvæmdina.

Gögn er varða fyrirhugaða framkvæmd liggja frammi til kynningar frá og með miðvikudeginum 2. desember 2020 til og með 16. desember 2020 í Ráðhúsi Sveitarfélagsins Skagafjarðar og á heimasíðu sveitarfélagsins, <https://www.skagafjordur.is/>

Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að kynna sér fyrirhugaða framkvæmd og gera athugasemdir eða ábendingar við hana. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast í síðasta lagi 16. desember 2020 til byggingarfulltrúa í Ráðhúsi Skagfirðingabraut 21 eða á netfangið: andrig@skagafjordur.is

Einar Andri Gíslason, byggingarfulltrúi.

